

# BV BRÉF TIL BÆNDA Á VESTURLANDI

Útg.: Búnaðarsamtök Vesturlands, Hvanneyri, 311 Borgarnes, s: 437-1215, netfang: bv@bondi.is  
Veffang: www.buvest.is Ábyrgðarm: Guðmundur Sigurðsson

1. bréf 2016

Febrúar



## Öryggi – heilsa – umhverfi

Um nokkurt skeið hafa Bændasamtökin í samstarfi við búnaðarsambönd staðið fyrir átaki í öryggis- og vinnuverndarmálum bænda. Tilgangurinn er að fækka slysum í landbúnaði og stuðla að góðu vinnuumhverfi og bættri ásýnd bæja. Verkefninu er ætlað að koma til viðbótar þeim kröfum sem gerðar eru samkvæmt lögum og reglugerðum. Verkefnisstjóri er Guðmundur Hallgrímsson hjá Búnaðarsamtökum Vesturlands og hefur hann nú þegar heimsótt ríflega hundrað bæi víða um land á síðustu misserum og farið yfir stöðu mála með bændum. Hann hefur einnig haldið erindi á bændafundum um málefnið. Nú þessa daganna er að koma út fræðslurit um öryggis og umhverfismál sem verður dreift til allra bænda.

### Heimsókn til bónda

Búnaðarsamtök Vesturlands bjóða nú bændum innan starfssvæðis Búnaðarsamtaka Vesturlands að taka þátt í verkefninu.

Í heimsókninni felst eftirfarandi:

- Farið yfir öryggismál á búinu og bændur svara spurningalista sem lagður er fyrir.
- Farið er í útihús og rætt um vinnuaðstæður og aðbúnað. Gengið er um vinnustaðinn og þau atriði metin sem máli skipta. Farið er yfir aðstöðu í gripahúsum, vélar og ástand þeirra, reynt að finna út hvort það séu hindranir á daglegum leiðum, fallhætta eða annað slíkt. Farið er yfir loftræstingu, lýsingu, brunavarnir og hvort allir útgangar séu greiðir, bæði fyrir menn og skepnur. Eitt af því sem farið er yfir með bóndanum er ásýnd bæjarins, t.d. ásýnd húsa, girðingar og aðgengi útivið.
- Hitamyndavél er notuð til að kanna ástand á raftækjum og lögnum.
- Gátlisti er gerður og tillögur til úrbóta ræddar við bóndann og sett markmið um viðbrögð.
- Eftir heimsóknina er unnið úr gögnum og þau síðan send bóndanum netleiðis.
- Markmiðið er að ábúendur geti farið yfir gátlistann og notað hann sem leiðbeiningar til úrbóta.

Athugið að tilgangur heimsóknarinnar er ekki eftirlit heldur að aðstoða þig við að gera betur í öryggis- og vinnuverndarmálum á búinu.

### Kostnaður

Búnaðarsamtök Vesturlands, Búnaðarsamband Vestfjarðar og Búnaðarsamband Kjálanesþings greiða fyrir þátttöku í verkefninu fyrir bændur sem eru félagar í búnaðarfélagi. Bóndin fær heimsókn og skýrslu senda með tölvupósti. Áætlað er að hver heimsókn taki um 1.5 – 2 klst.

Vinnuverndarverkefnið nýtur styrkja frá Framleiðnisjóði og Bændasamtökunum. Þá hefur Vátryggingafélag Íslands niðurgreitt heimsóknir til bænda þar sem markmið þeirra er að fækka tjónum í landbúnaði. Upplýsingar úr vinnuverndarstarfinu eru afhentar tryggingafélaginu en þær eru ekki persónugreinanlegar á hvern bæ. Bændur sem taka þátt í verkefninu samþykkja að upplýsingar úr heimsóknnum verði notaðar til að kortleggja stöðu mála á viðkomandi svæðum.

### Vilt þú huga betur að öryggi og forvörnum á þínu búi?

Því miður er of mikið um slysum í landbúnaði og bændur þurfa að huga betur að öryggismálum. Nauðsynlegt er að bæta þar úr og spyrna við fótum. Reynsla af heimsóknnum á sveitabæi hingað til hefur sýnt að full þörf er á að efla fræðslustarf og hvetja bændur til þess að huga betur að öryggi og forvörnum heima á búunum. Tilgangurinn með vinnuverndarstarfinu er að gera býlin öruggari sem vinnustað bóndans.



Ef að þú og þitt heimilisfólk hefur áhuga á að fá heimsókn þar sem farið er yfir öryggis- og vinnuverndarmálin þá stendur það til boða á næstu vikum. Áhugasamir hafi samband við skrifstofu BV sími 437 1215 eða á netfangið [gsig@bondi.is](mailto:gsig@bondi.is) Stefnt er að fara í flestar heimsóknirnar í febrúar og mars þannig að mikilvægt er að hafa samband sem fyrst til að auðveldara sé að skipuleggja heimsóknirnar.

## Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands

Aðalfundur Búnaðarsamtaka Vesturlands verður haldinn að Hvanneyri fimmtudaginn 14. apríl 2014 og hefst kl. 11:00.

- Dagskrá:
1. Venjuleg aðalfundarstörf.
  2. Erindi gesta
  3. Önnur mál

Fundurinn er opinn öllum félagsmönnum í aðildarfélögum búnaðarsamtakanna, með málfrelsi og tillögurétt. *Stjórn BV*

### Umsóknir um styrki vegna vatnsveitna á lögbýlum

Opnað hefur fyrir umsóknir á Bændatorginu vegna framkvæmda við vatnsveitur á lögbýlum á framkvæmdarárinu 2016. Umsýsla með styrkjum færðist til Matvælastofnunar, búnaðarmálaskrifstofu, um síðustu áramót. Sækja verður um fyrir **1. mars** vegna framkvæmda á þessu ári. Aðeins er tekið við rafrænum umsóknum á Bændatorginu. Með umsókn þarf að fylgja kostnaðaráætlum og umsögn ráðanauts ( BV eða RML). Þeir sem áttu samþykktar umsóknir á sl.ári en framkvæmdu ekki þurfa að sækja um aftur. Nánari upplýsingar veitir Guðrún S Sigurjónsdóttir, fulltrúi á búnaðarmálaskrifstofu Matvælastofnunar ([guðrun.sigurjonsdottir@mast.is](mailto:guðrun.sigurjonsdottir@mast.is)). Einnig er hægt að hafa samband við Guðmund Sigurðsson hjá BV ([gsig@bondi.is](mailto:gsig@bondi.is))

### Ert þú skráður á netfangalista BV?

Búnaðarsamtökin nota í auknum mæli tölvupósta til að koma á framfæri ýmsum upplýsingum til bænda og stefnan er að **Bréf til bænda** verði í framtíðinni dreift rafrænt.

Því er mikilvægt að BV hafi á hverjum tíma aðgang að netföngum bænda. Þetta bréf er sent út í pósti og einnig rafrænt og óskum við eftir að þeir sem ekki fá bréfið í tölvupósti hafi samband við okkur hjá BV og sendi okkur netfang sitt á [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) óski þeir eftir að fá fréttabréfið rafrænt.

**Bréf til bænda er ávallt aðgengilegt á heimasíðu BV [www.buvest.is](http://www.buvest.is)**

### Rafrænir reikningar

Nú stendur til að bjóða viðskiptavinum BV að fá reikningana senda rafrænt í tölvupósti. Við viljum því óska eftir viðbrögðum frá ykkur varðandi rafræna reikninga, senda okkur línu á netfangið [bv@bondi.is](mailto:bv@bondi.is) ef þið viljið vera með í rafrænum reikningum að öðrum kosti verður innheimt seðilgjald kr. 200.- fyrir reikninga sem sendir eru út á pappír.

### Tilkynning frá Bókhaldspjónustu BV ehf

Bókhaldspjónusta BV vill minna viðskiptavini á að skila inn gögnum sem fyrst, bæði vegna VSK-skila sem eru 1. mars nk. og fyrir uppgjör vegna skattskila.

Samkvæmt upplýsingum frá RSK hafa skiladagar nú verið færðir enn frammar og hefur Ríkisskattstjóri gefið það út að álagningarseðlar verði nú birtir 1. júlí 2016 eða mánuði fyrr en hefur verið.